

Samkeppnisstofnun

29. september 2000

**Minnisblað
til nefndar um ný hafnalög**

Eftirfarandi punktar eru settir fram með hliðsjón af atriðum sem fram koma í tölvubréfi til undirritaðs, dags. 2. ágúst sl., frá Sigurbergi Björnssyni, starfsmanni nefndarinnar. Ber því hvorki að skoða þá sem almenna né ítarlega umfjöllun um þau drög að frumvarpi til nýrra hafnalaga sem Samkeppnisstofnun voru send í ágústmánuði.

Þau atriði sem óskað hefur verið eftir að fjallað verði sérstaklega um eru í tölusetnum liðum í áðurnefndu tölvubréfi. Er miðað við þá töluliði í eftirfarandi punktum:

1. Þau úrræði sem felast í samkeppnislögum til að bregðast við því ef hafnir misnota stöðu sína og hækka gjöld á þjónustu sinni koma einkum fram í 17. gr. gildandi laga og 11. og 17. gr. laganna eftir að breytingar á þeim taka gildi í byrjun desember nk. Þá verður hvers konar misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu bönnuð, en misnotkun getur m.a. falið í sér að beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir. Hvað áhrærir a-lið 1. töluliðar skal bent á samrunaákvæði 18. gr. samkeppnislaga sem unnt er að beita til að koma í veg fyrir samruna eða ógilda samruna þegar markaðsráðandi staða verður til við samrunann eða hún eflist. Eftir að lagabreytingin frá sl. vori tekur gildi verða íslensk samkeppnisyfirvöld, að mati Samkeppnisstofnunar, eins vel í stakk búin að takast á við samkeppnishindranir, þ.m.t. misnotkun á markaðsyfirræðum, og samkeppnisyfirvöld þeirra ríkja sem hafa hvað skörpust samkeppnislög.

2. Ef viðskiptavinur er í markaðsráðandi stöðu sem kaupandi þjónustu og misbeitir þeirri stöðu að mati samkeppnisráðs til að ná óeðlilega hagstæðum kjörum hjá seljanda þjónustunnar, sbr. a-lið í 2. tölulið tölvubréfsins, getur ráðið eða mun það geta beitt úrræðum sömu lagaákvæða og vísað er til í tölulið 1. hér að framan. Ef útgerðir bindast samtökum um tilteknar aðgerðir, sbr. b-lið í 2. tölulið tölvubréfsins, t.d. í því skyni að lækka verð, munu þær hugsanlega brjóta gegn ákvæðum 10. eða 11. gr. samkeppnislaga eins og þær verða eftir gildistöku lagabreytingarinnar sem áður er vitnað til. Í 10. gr. verður lagt bann við öllum samningum og samþykktum fyrirtækja og samstilltum aðgerðum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni eða hún takmörkuð ef samningar o.s.frv. hafa m.a. áhrif á verð, afslætti eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti. Bannákvæði 10. og 11. gr. eins og þau verða frá des. nk. taka til mun fleiri þátta en verðs og viðskiptakjara en

vísað er í lagatextann í því sambandi (lög nr. 107/2000, um breytingar á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.).

3. Samkeppnislögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum, samanber 2. gr. laganna. Þetta á við nema annað sé ákveðið í sérlögum eins og t.d. hafnalögum. Frá sjónarhóli Samkeppnisstofnunar er ekki ljóst hvers vegna tillaga er gerð um sérstaka skilgreiningu á því í hafnalögum hvaða hafnir teljist vera í samkeppi og hverjar ekki miðað við rekstrarform og umsvif, sbr. drög að frumvarpi sem send hafa verið Samkeppnisstofnun. Að mati Samkeppnisstofnunar gengur sú hugmynd þvert gegn markmiði samkeppnislaga og nýsamþykktum breytingum á lögnum sem fela í sér eflingu þeirra og aukið yfirgrip. Að mati stofnunarinnar mætti ætla að eðli þeirrar þjónustu sem veitt er, eftirspurn eftir þjónustunni og landfræðilegar forsendur hefðu helst áhrif á það hvort hafnir væru í samkeppni eða ekki og hversu mikil samkeppnin á milli þeirra væri. Rekstrarform getur vissulega haft áhrif á samkeppnisaðstæður hafna, einkum hvað skattskyldu varðar. Á því mætti hins vegar taka með beitingu samkeppnislaga. Má í því sambandi vekja sérstaka athygli á 2. mgr. 14. gr. laganna þar sem er að finna heimild til handa samkeppnisráði að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri fyrirtækja eða stofnana sem annars vegar njóta opinberrar verndar eða einkaleyfis en hins vegar stunda rekstur í samkeppni við aðra. Að lítt athuguðu máli virðist sem til yrði nýtt samkeppnislegt vandamál ef sumar hafnir yrðu undanþegnar samkeppnislögum en aðrar ekki, algerlega óháð því hvort þær ættu í raunverulegri samkeppni eða ekki. Væri þá á vissan hátt verið að færa mál til verri vegar en þau nú eru í.

Að mati Samkeppnisstofnunar hefur ekkert komið fram sem gefur til kynna að samkeppnislög dugi ekki til að koma í veg fyrir eða stöðva misbeitingu fyrirtækja á markaðsaðstæðum eða uppræta aðra samkeppnishindrandi hegðun fyrirtækja á þeim vettvangi sem hafnir starfa á eða helstu viðskiptavinir þeirra. Á sama hátt telur Samkeppnisstofnun að samkeppnisyfirvöld séu vel í stakk búin að beita þeim úrræðum sem löggin gera ráð fyrir.

Virðingarfyllst,
Samkeppnisstofnun,

Guðmundur Sigurðsson